



# Stuðningslán með ábyrgð ríkissjóðs

Fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki



# Skilyrði og reglur

Til að geta tekið stuðningslán þarf fyrirtæki að uppfylla **öll** eftirfarandi atriði:



Hafa **40% lægri tekjur** en á sama 60 daga tímabili 2019



Tekjur ársins 2019 voru **á milli 9 milljónir króna og 1.200 milljónir króna**



Launakostnaður nam að minnsta kosti **10% af rekstrargjöldum 2019**



Hafa **ekki greitt arðgreiðslur** og engin kaup á eigin hlutabréfum frá 1. mars 2020



Hafa **engin alvarleg vanskil**



Vera **rekstrarhæft** skv. hlutlægum viðmiðum eftir heimsfaraldurinn



Hafa skilað inn upplýsingum um **raunverulega eigendur**



Hafa **skilað ársreikningum** síðustu þriggja ára



Lánið má aðeins nýta til að standa undir **rekstrarkostnaði** og má **ekki** nýta til að borga af eða endurfjármagna önnur lán



**Lokafrestur** til að sækja um stuðningslán er til loka árs 2020



Umsóknaraðilar þurfa að hafa lokið við **áreiðanleikakönnun** vegna peningaþvættis




**Viðurlög** gegn brotum á lögum um stuðningslán og lokunarstyrki geta numið sektum eða fangelsi allt að sex árum.



## Skilyrði skv. reglugerð um stuðningslán

Rekstraraðili uppfyllir skilyrði 8. tölul. 10. gr. laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020, uppfylli hann a.m.k. annað hvort eftirfarandi skilyrða í töflu hér að neðan (skilyrði 1 eða 2):



# Helstu upplýsingar

## Lán með 100% ríkisábyrgð



Hámarksfjárhæð er **10 milljónir króna** fyrir hvert fyrirtæki\*.



Rekstraraðili getur fengið allt að **tvö stuðningslán með 100% ríkisábyrgð**.



Lánstími er **30 mánuðir**.



Lánið er **óverðtryggt**.



**Vextir** eru jafnháir vöxtum af sjö daga bundnum innlánum lánastofnana við Seðlabanka Íslands hverju sinni.



Lánastofnun er heimilt að innheimta þóknun, sem skal dregin frá útborgun láns, til að standa undir kostnaði við umsýslu lána. Þóknun verður 2% af lánsfjárhæð.



Endurgreiðsla skal vera með **12 jöfnum greiðslum síðustu 12 mánuði lánstímans**.

## Lán með 85% ríkisábyrgð



Hámarksfjárhæð er **30 milljónir króna** fyrir hvert fyrirtæki\*.



Rekstraraðili getur fengið allt að **tvö stuðningslán með 85% ríkisábyrgð**.



Lánastofnun getur veitt lánið til **lengri tíma en 30 mánaða**, eða **framlengt lánstíma umfram 30 mánuði**. Lánstími má þó **ekki vera lengri en fjögur ár**.



Lánið er **óverðtryggt**.



**Vextir** munu taka mið af vöxtum af sjö daga bundnum innlánum lánastofnana við Seðlabanka Íslands hverju sinni. Álag Arion banka ofan á grunnvexti mun taka mið af lánshæfi umsækjanda og að hluti lánsfjárhæðar er á ábyrgð ríkissjóðs.



Þóknun verður 2% en þó að hámarki 200.000 krónur, sem skal dregin frá útborgun láns.




Endurgreiðslur eru í formi **jafnra greiðslna** og skulu hefjast eigi síðar en **tveimur árum frá** því að lán er veitt.



# Lánaferlið

<https://vidspyrna.island.is/>

Allar umsóknir fara fram í gegnum miðlæga þjónustugátt á vefnum island.is en þar er einnig að finna mikilvægar upplýsingar um stuðningslánin og önnur úrræði stjórnvalda.



## Fjárhæð stuðningsláns

Tekjur fyrir árið 2019

0 kr.

Reikna fjárhæð

## Afborganir stuðningsláns

Stuðningslán

10.000.000 kr.

Áætla afborganir



0 kr á mánuði í 18 mánuði

850,672 kr jafnar greiðslur í 12 mánuði

## Skilyrði

Fyrirtæki þarf að:

- hafa 40% lægri tekjur en á sama 60 daga tímabili 2019
- tekjur ársins 2019 voru á milli 9 milljónir króna og 1.200 milljónir króna
- launakostnaður nam að minnsta kosti 10% af rekstrargjöldum 2019
- hafa ekki greitt arðgreiðslur og engin kaup á eigin hlutabréfum frá 1. mars
- hafa engin alvarleg vanskil
- hafa skilað ársreikningum síðustu þriggja ára
- hafa skilað inn upplýsingum um raunverulega eigendur
- vera rekstrarhæft skv. hlutlægum viðmiðum eftir heimsfaraldurinn

Fyrir hverja?

Fjárhæð

Skilyrði

– Algengar spurningar

Uppfylli ég skilyrði?

